

ÁLYKTUN

Ársfundur Alþýðusambands Íslands skorar á ríkisstjórnina að fullgilda nú þegar samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar nr. 158 um uppsögn starfs af hálfu atvinnurekanda sem félagsmálaráðherra fól þríhliða nefnd ASÍ, SA og ráðuneytisins að fjalla um í kjölfar samþykktar á síðasta ársfundi ASÍ. ASÍ og SA náðu ekki samstöðu um málið og er nú skorað á ráðherra og ríkisstjórn að taka af skarið og leggja samþykktina fram til staðfestingar nú þegar.

Greinargerð

Á samráðsfundi félagsmálaráðherra með fulltrúum Alþýðusambands Íslands, sem haldinn var 22. nóvember 2004, var ráðherra gerð grein fyrir helstu samþykktum á ársfundi ASÍ 2004, þar á meðal ályktun um að hefja baráttu fyrir því að stjórnvöld fullgildi samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar (ILO) nr. 158, um uppsögn starfs af hálfu atvinnurekanda. Samþykktin tryggir launafólki lágmarks mannréttindi við uppsagnir úr starfi. Eins og nú er háttáð málum er hægt að segja starfsmanni upp starfi án þess að tilgreina neina ástæðu þó að eftir henni sé leitað.

Málinu var vísað til þríhliða nefndar ráðuneytisins og aðila vinnumarkaðarins um málefni ILO og tók hún samþykktina til umfjöllunar þegar á fundi sínum þann 29. nóvember 2004. Ákveðið var að ASÍ og SA gerðu grein fyrir sjónarmiðum sínum í skriflegum greinargerðum.

Greinargerð ASÍ var skilað 13. janúar 2005. Í henni er dregin saman kjarni samþykktar nr. 158, fjallað um um samkynja ákvæði í endurskoðaðri gerð félagsmálasáttmála Evrópu frá árinu 1996 og ýtarlegt yfirlit gefið um hliðstæð ákvæði í löggjöf nokkurra nágrannalanda. Áhersla er lögð á að málið snúist ekki um að atvinnurekendur hafi ekki rétt til að segja upp starfsmanni. Það varði hins vegar rétt starfsmanna til að fá upplýsingar um ástæður uppsagnar og hvort þær byggist á málefnalegum ástæðum. Jafnframt er bent á að starfsmönnum sé mismunað á þessu sviði eftir því hvort þeir starfi á almennum vinnumarkaði eða eru í þjónustu hins opinbera.

Veruleg vanhöld voru á því að greinargerð væri skilað af hálfu SA þó tilmæli þar að lútandi væri ítrekuð á 9 fundum nefndarinnar. Greinargerð barst loks í lok ágúst 2005. Niðurstaða SA er sú að ákvörðun um fullgildingu samþykktarinnar jafngildi ákvörðun um grundvallarbreytingar á íslenskum vinnurétti. Hér á landi gildi meginregla um gagnkvæman uppsagnarrétt að virtum lög- og samningsbundnum uppsagnarfresti og að almennt þurfi ekki að rökstyðja uppsagnir starfsmanna. Meginregla ILO samþykktarinnar sé hins vegar sú, atvinnurekendum sé bannað að segja upp starfsfólki nema gild ástæða í sambandi við hæfni eða hegðun starfsmannsins eða rekstrarlegar ástæður fyrirtækisins sé fyrir uppsögninni. Hvort gild ástæða sé fyrir hendi sé sönnunaratriði hverju sinni og sönnunarbyrðin um það hvíli á atvinnurekanda.

Nefndin hefur nú lokið umfjöllun um málið og ljóst að ASÍ og SA eru mjög ósammála um mat á því hvaða afleiðingar það hafi fyrir íslenskan vinnumarkað verði samþykktin fullgilt. Málið er nú til ákvörðunar hjá félagsmálaráðherra og ríkisstjórn.